ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
NATIONAL MUSEUM OF ICELAND
P. O. BOX 1489 ÍS-121 REYKJAVÍK

Reykjavík 3/2 1988.

Mr. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson
Room 14 Kepier House
Kepier Tarrace
Durham City
DH1 17T
England.

Kæri Vilhjálmur.

Ég þakka þér fyrir bréfið og fyrir að þú brást svo vel við að hafa samband við mig þegar ég gat ekki náð til þín. Ég hafði hringt nokkrum sinnum á kvöldin eftir tilvísan móður þinnar, en aldrei náð, einhverra hluta vegna.

Það var nú ekki í sambandi við vinnu, sem ég átti erindi við þig, eins og þú segist vona, heldur af öðrum sökum.

Fyrir um tveimur árum eða þremur tók ég eftir því, að í skápinn þar sem sýnd eru gömul innsigli og hringir, þar á meðal bréf Jóns Arasonar, vantaði nokkra gripi. Þeir höfðu verið teknir án þess að nokkurt spjald væri sett í staðinn, eins og við reynum þó að gera að fastri venju, og voru skörðin auð og ófyllt eftir. Þetta eru gersemar, en eitt er innsigli (frekar en hringur, ég hef ekki fundi safnnúmerið) Jóns biskups Vídalíns, annað hringur með rauðmm steini og grafin í vangamynd af manni, sagður kominn upp úr leiði Sigurðar Vigfússonar Íslandströlls á Kvennabrekku, og svo virðist, eftir plássinu að dæma, vanta tvo hringi í viðbót, en enginn texti hefur verið við þá.

Ég spurði strax allt fólkið hér, hvort einhver hefði tekið þessa hluti eða lánað þá, en enginn kannaðist neitt við það. Ég hef oftlega síðan minnzt á það hér, hvað orðið hafi af hringunum, en enginn kann á því skil.

Það var svo núna um daginn, að ég var með Bryndísi uppi í sal og minntist þá enn einu sinni á hringana, og þá sagði hún, að þú hefðir sagt er þú varst hér síðast, að þessir hringar hefðu verið hjá Kristjáni Eldjárn. Mér þótti þetta satt að segja dálítið ótrúlegt, því að svo langt er um liðið síðan hann dó og það var ekki fyrr en löngu síðar, að ég tók eftir því að þeir voru horfnir.

En það er bezt að gera ráð fyrir öllum möguleikum, og því langar mig til að spyrja þig, hvað þú vitir um þetta mál.

Það er ekki ólíklegt, að Kristján hafi verið að skoða þessa hringa eða innsigli, til dæmis í sambandi við Skálholt, þar sem

ýmsir hringar komu úr gröfunum. En samt er hvergi minnzt á þá t.d. í samanburði í greinargerð hans um grafminjar frá Skálholti í Skálholtsbókinni, sem nú er að koma út.

Í rauninni á ég ekki von á, að neinn annar hér hafi verið að athuga hluti síðari árin, sem snerta þetta svið, en hins vegar hefði Kristján aldrei farið sjálfur að sækja þetta í skápinn án þess að nokkur vissi og fara með. Og einkennilegt er, að það skuli hafa verið tekið án þess að leggja útlánaspjald í staðinn, en það hefur nú gerzt samt.

Mig langar nú til að heyra frá þér, hvað þú veizt um þetta mál, hvar hringarnir kynnu að vera niður komnir. Eins og þú getur nærri hef ég ekki verið rólegur yfir þessu síðan ég uppgötvaði, að hringarnir voru horfnir. - Skápurinn var læstur með þremur læsingum og er mér þetta mál allt í rauninni allsendis óskiljanlegt. Halldóra Eldjárn hefur látið mig taka allt, sem þar var heima og hún hafði hugboð um, að tilheyrði safninu eða að ætti hér heima, en hún hefur aldrei minnzt á neitt af þessu tagi.

Annars er ekkert héðan að frétta, sem þér mun þykja fréttnæmt. Verið er að gera ýmsar endurbætur hér í húsinu við það að Listasafnið flytur, aðallega bæta vinnuaðstöðu. Ekkert er enn farið að hreyfa við sýningarsölum.

Með beztu kveðjum

Þór Magnússon.